

26. gr.

33

Með mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið sem almenn lögglumál. 12. marz

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940 og lögum nr. 66 7. maí 1940 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir útgefnar 1. marz 1940 og 24. desember 1940 um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

G J A L D S K R Á

34

fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum. 12. marz

Samkvæmt lögum nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skoðun á verksmiðjum, vinnustofum og vélum, svo sem hér segir:

A. Eimkatlar:

1. flokkur: Gjald kr. 12.00.
Brauðgerðarhúsakatlar og aðrir smákatlar með allt að 2 kg/cm² starfsþrýstingi.
2. flokkur: Gjald kr. 20.00.
Eimhitaðir suðukatlar og suðupottar, reykhitadír forkatlar og yfirhitarar.
3. flokkur: Gjald kr. 25.00.
Katlar með allt að 6 m² hitafleti.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00.
Katlar, sem hafa frá 6—12 m² hitaflöt.
5. flokkur: Gjald kr. 40.00.
Katlar, sem hafa frá 12—20 m² hitaflöt.
6. flokkur: Gjald kr. 50.00.
Katlar, sem hafa frá 20—30 m² hitaflöt.
7. flokkur: Gjald kr. 75.00.
Katlar, sem hafa meira en 30 m² hitaflöt.

B. Aflvélar:

1. flokkur: Gjald á hvert hestafl kr. 0.75.
Eimvélar, oliuhreiflar, vindvélar.
2. flokkur: Gjald á hvert hestafl kr. 0.50.
Rafmagnshreiflar, vatnsvélar.
3. flokkur: Fyrir hverja varaafvlél, sem hefur meira en 30 hestöfl, greiðist kr. 5.00 og fyrir hverja varaafvlél, sem hefur minna en 30 hö., greiðist kr. 2.50.

34
12. marz

Þó má gjald þetta ekki fara fram úr því, sem gjaldið hefði orðið, miðað við vélna í notkun. Fyrir farandvélar greiðist sama gjald og fyrir fasta-
vélar.

C. Vinnuvélar:

1. flokkur: Gjald kr. 1.00.
Hverfisteinar, einfaldar miðflóttaaflsdætur og tannhjóladaetur, sem nota allt að 2 hö., brjóstsýkursvélar, gosdrykkjavélar, bókbandsvélar, fægivélar skósmíða, saumavélar, mjólkurhreinunarvélar, hræritæki í kerjum, gullsmíðafægivélar.
2. flokkur: Gjald kr. 1.50.
Elti- og fægivélar í sítunarverksmiðjum, brauðgerðarvélar, skósmíðavélar, bulludætur, gerilsneyðingartæki, lokaðir mjólkurkælar, hnappagatavélar.
3. flokkur: Gjald kr. 2.00.
Málmiðnaðarvélar, trésmíðavélar, dósalokunarvélar, blikksmíðavélar, prjónavélar, miðflóttaafls- og tannhjóladaetur, sem nota meira en 2 hö.
4. flokkur: Gjald kr. 2.50.
Eimknúnar dætur, einfaldir loftblásarar, reykbblásarar, kantþynningarvélar fyrir leður, rafknúnar vindur, mjólkurskilvindur, strokkar, smjör-elti- og skökuvélar.
5. flokkur: Gjald kr. 3.00.
Pappírsskurðarhnifar, smáprentvélar, flutningssniglar allt að 5 m langir, sætindagerðarvélar, vökvaþrýstidætur, olíuþburðarvélar, dúkafægivélar.
6. flokkur: Gjald kr. 4.00.
Vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, flutningssniglar yfir 5 m langir, niðursuðurvélar, sápuþerðarvélar, súkkulaðigerðarvélar, málgerðarvélar, stórviðarsagir, fataþvottavélar, gærurotunarvélar.
7. flokkur: Gjald kr. 5.00.
Hraðprentvélar, sjálfvirkar prentvélar, sildar- og fiskimjölsvélar, sildarlýsishreinsivélar, ullarvinnsluvélar, dósa- og flöskuþvottavélar, flöskuáfyllingarvélar, veltivélar (tromlur) í sítunarverksmiðjum, steinsagir, steinfægivélar, grjótmulningsvélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, hampvinnsluvélar, stórvélar í plötusmiðjum og járnsteypum.
8. flokkur: Gjald kr. 10.00.
Skipadráttarvindur, skipadráttarvagnar fyrir allt að 100 smál. skip, einfaldir sveiflugálgar með allt að 25 ha aflvél (gjaldið reiknast auk aflvélargjalds), einfaldar lyftivindur, þrýstiloftþjöppur, lyftur fyrir allt að 100 kg burðarmagn.
9. flokkur: Gjald kr. 20.00.
Skipadráttarvagnar fyrir skip frá 100 til 1000 smálestir, einfaldir sveiflugálgar með meira en 25 ha aflvél (gjaldið reiknast auk aflvélagjalds), sjálfvirkar vörulyftur fyrir meira en 100 kg burðarmagn, farstólar í vörugálgum (krönum).
10. flokkur: Gjald kr. 25.00.
Fastir og hreyfanlegir gálgar (kranar) til lyftingar og flutnings á vörum (gjaldið reiknast fyrir gálgann eingöngu fyrir utan gjald aflvéla og hreyfanlegra hjálpartækja), skipadráttarvagnar fyrir skip yfir 1000 smálestir, sjálfvirkar fólkslyftur.

D. Frystivélar:

1. flokkur: Gjald kr. 5.00.
Frystivélar með allt að 10000 kgeal. afköstum.
2. flokkur: Gjald kr. 10.00.
Frystivélar, sem hafa frá 10000 til 20000 kgeal. afköst.
3. flokkur: Gjald kr. 20.00.
Frystivélar, sem hafa frá 20000 til 50000 kgeal. afköst.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00.
Frystivélar, sem hafa frá 50000 til 100000 kgeal. afköst.
5. flokkur: Gjald kr. 50.00.
Frystivélar, sem hafa yfir 100000 kgeal. afköst.

34

12. marz

E. Ýmsar vélar og tæki:

Fyrir eftirtalin tæki greiðist sem hér segir: Gasframleiðslutæki til logsuðu kr. 10.00. Þrýstiloftþylki, sem hefur allt að 1 m³ rúmtak kr. 10.00. Þrýstiloftþylki, sem hefur meira en 1 m³ rúmtak kr. 15.00. Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því, hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 1.00 til kr. 25.00.

F. Vinnustofur án véla:

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem: Saumastofur, þvottahús, blikksmiðjur, netjagerðarstofur, seglasaumastofur o. s. frv. ber að greiða 7 aura fyrir hvern fermetra gólfplatar. — Fyrir viðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, ber að greiða 2 aura fyrir hvern fermetra gólfplatar.

2. gr.

Þegar fyrirtæki eða vél er skoðað í fyrsta sinn, bætast 10 af hundraði við skoðunargjaldið, og er það skrásetningargjald.

3. gr.

Skoðunargjald greiðist aðeins einu sinni á ári þó að skoðun fari fram oftár á árinu.

4. gr.

Heimilt er að senda eftirlitinu til umsagnar, uppdrátt af fyrirhuguðum breytingum eldra fyrirtækis eða fyrirkomulagi nýs fyrirtækis, án þess að greiða þurfi fyrir umsögnina.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 31 28. apríl 1933 fyrir eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.